

Nd. 208. Frumvarp til laga [106. mál]
um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 300.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 200.00 hjá öðrum fiskimönnum. Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. nr. 46/1954, skulu matsveinar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum, njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslensk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári skal, við ákvörðun tekjuskatts, veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæða þykir til að hækka frádrátt til handa fiskimönnum vegna hlífðarfatakostnaðar, og er gert ráð fyrir að hækunarinnar njóti allir þeir, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en auk þess skulu matsveinar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum, njóta þessa viðbótarfrádráttar.

Þá þykir sanngjarnt vegna sérstöðu þeirrar, er fiskimenn hafa á ýmsa lund, að lögfesta sérstakan frádrátt þeim til handa.